



1

Reykjavík 14. september 2015

Efni: Þátttaka nemenda í VI. píanókeppni EPTA

Ágæti skólastjórnandi.

Sjötta píanókeppni Íslandsdeildar EPTA mun fara fram í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs, dagana 4. til 8. nóvember 2015.

Dagskrá keppninnar verður á eftirfarandi tímum:

| | | |
|--------------|-----------------|------------------------------------|
| Mið. 4. nóv. | kl. 09:00-15:30 | 14 ára og yngri. |
| | kl. 15:30-17:00 | 10 ára og yngri, keppni og úrslit. |
| Fim. 5. nóv. | kl. 09:00-12:00 | 18 ára og yngri. |
| | kl. 13:30-18:00 | 25 ára og yngri. |
| Lau. 7. nóv. | kl. 10:00-16:00 | Úrslit. |
| Sun. 8. Nóv. | kl. 14:00-16:00 | Verðlaunaafhending. |

Það er einlæg ósk Íslandsdeildar EPTA að skólastjórnendur sjái sér fært að veita þeim nemendum sem stunda píanónám leyfi á skólatíma **til að koma og fylgjast með** jafnöldrum þeirra leika. Það er bæði spennandi, skemmtilegt og lærdómsríkt að fylgjast með keppendum.

EPTA keppnin er ein mikilvægasta og best þekkta tónlistarkeppni á Íslandi í flutningi klassískrar tónlistar. **Víkingur Heiðar Ólafsson** píanóleikari vann fyrstu keppni EPTA árið 2000 en hún hefur verið haldin á þriggja ára fresti eftir það. Keppnin er íslenskum píanónemendum hvatning og ögrandi tækifæri til að reyna sig við krefjandi kringumstæður.

Hlökkum til að sjá sem flesta þessa hátíðisdaga í nóvember í Salnum Kópavogi.

Virðingarfyllst,

f.h. Íslandsdeildar EPTA

Anna Rún Atladóttir, formaður